

**Nd.**

**572. Frumvarp til laga**

[12. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968.

(Eftir 2. umr. í Nd., 14. apríl.)

**1. gr.**

70. gr. breytist sem hér segir:

a. 1. mgr. orðist svo:

Eiganda skráðs, vélknúins ökutækis er skylt að kaupa í váttryggingafélagi, sem viðurkennt er af dómsmálaráðherra, og halda við váttryggingu fyrir ökutæki sitt, sem nemi kr. 1 000 000.00 fyrir létt bifhjól, kr. 1 500 000.00 fyrir dráttarvél, kr. 1 500 000.00 fyrir bifhjól og kr. 3 000 000.00 fyrir bifreið.

b. Í stað „kr. 100 000.00“ í 2. mgr. komi: kr. 200 000.00.

**2. gr.**

Fyrirsögn VIII. kafla orðist svo: VIII. Um Umferðarráð, umferðarfræðslu o. fl.

**3. gr.**

Í stað 82.—84. gr. komi níu greinar (82.—90. gr.), svo hljóðandi, og breytist greinatalan samkvæmt því:

a. (82. gr.) Almenningsi skal veitt fræðsla í umferðarlöggjöf og öðru því, er stuðlað getur að umferðaröryggi og umferðarmenningu.

b. (83. gr.) Dómsmálaráðherra skipar 16 menn í Umferðarráð til þriggja ára í senn.

Eftirtaldir aðilar skulu eiga rétt á að tilnefna einn fulltrúa hver og annan til vara í ráðið:

Bandalag íslenskra leigubifreiðastjóra.  
Bifreiðaeftirlit ríkisins.  
Bindindisfélag ökumanna.  
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.  
Félag íslenskra bifreiðaeigenda.  
Fræðslumálastjórn.  
Landssamband vörubifreiðastjóra.  
Landssamtök klubbanna „Öruggur akstur“.  
Reykjavíkurborg.  
Ríkislögregla.  
Samband íslenskra sveitarfélaga.  
Samband íslenskra tryggingarfélaga.  
Slysavarnafélag Íslands.  
Vegagerð ríkisins.  
Ökukennarafélag Íslands.

Dómsmálaráðherra skipar formann Umferðarráðs án tilnefningar, en varaformann skipar hann úr hópi ráðsmanna.

c. (84. gr.) Hlutverk Umferðarráðs skal vera sem hér segir:

1. Að beita sér fyrir því, að haldið sé uppi umferðarfræðslu í landinu.
2. Að vera fræðsluyfirvöldum, umferðarnefndum sveitarfélaga og samtökum, er vinna að bættri umferðarmenningu, til hjálpar og ráðuneytis, eftir því sem óskað er og aðstæður leyfa.
3. Að standa fyrir útgáfu fræðslurita og bæklinga um umferðarmál og hafa milli-göngu um úlvegum kennslutækja og annarra gagna til nota við fræðslustarfsemi.

4. Að hafa milligöngu um umferðarfræðslu í Ríkisútvarpi (hljóðvarpi og sjónvarpi) og öðrum fjölmiðlunartækjum.
5. Að beita sér fyrir bættum umferðarháttum.
6. Að sjá um, að á hverjum tíma sé til vitneskja um fjölda, tegund og orsakir umferðarslysa í landinu.
7. Að vera stjórnvöldum og öðrum til ráðuneytis um umferðarmál.
8. Að fylgjast með þróun umferðarmála erlendis og hagnýta reynslu og þekkingu annarra þjóða á því sviði.
9. Að leitast við að sameina sem flesta aðila til samstilltra og samræmdra átaka í umferðarslysavörnum og bættri umferðarmenningu.

Umferðarráði ber að hafa samvinnu við fræðsluþingvöld, lögregluþingvöld, umferðaryfirvöld sveitarfélaga, Slysavarnafélag Íslands, samtök bifreiðaeigenda og bifreiðastjóra, váttryggingarfélag, svo og öll önnur félag og stofnanir, sem fjalla um umferðarmál í landinu og láta sig umferðaröryggi skipta.

d. (85. gr.) Innan Umferðarráðs skal starfa þriggja manna framkvæmdanefnd, sem dómsmálaráðherra skipar til eins árs í senn, og skiptir ráðherra störfum með framkvæmdanefndarmönnum, eftir því sem þurfa þykir.

Framkvæmdanefnd skal vinna að gagnasöfnun, tillögugerð og öðrum undirbúningi mála, sem Umferðarráð fjallar um. Hún hefur einnig eftirlit með starfsemi þeirri, sem unnin er á vegum þess.

e. (86. gr.) Dómsmálaráðherra ákveður þóknun formanns og framkvæmdanefndar, en að öðru leyti eru störf í Umferðarráði ólaunuð. Framkvæmdanefnd ræður starfsfólk að fenginni heimild ráðherra.

Um kostnað af störfum Umferðarráðs skal gera áætlun, sem sendist ráðuneytinu til staðfestingar, svo og árleg reikningsskil.

f. (87. gr.) Dómsmálaráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um störf Umferðarráðs.

g. (88. gr.) Sveitarstjórnnum ber að fræða almenning um umferðarmál, eftir því sem staðhættir gefa efni til, svo og þær sérreglur, er gilda á hverjum stað.

Sveitarstjórn getur skipað umferðarnefnd til þess að stuðla að umferðarfræðslu og vinna að bættu skipulagi umferðarmála í sveitarfélaginu. Sveitarstjórnnum er og heimilt að stofna sameiginlega umferðarnefnd, er hafi með höndum framangreind verkefni.

Sveitarstjórn eða sveitarstjórnir setja nánari reglur um skipun og starfssvið slíkra umferðarnefnda.

h. (89. gr.) Kennsla í umferðarreglum skal fara fram í barna- og unglingskólum. Menntamálaráðherra setur að fenginni umsögn Umferðarráðs reglugerð um tilhögun kennslunnar og prófkröfur.

i. (90. gr.) Skólastjórn er skylt í samráði við lögreglustjóra og sveitarstjórn að gera ráðstafanir til þess að vernda skólabörn gegn hættu, er stafar af umferð í næstu grennd við skóla.

#### 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 1. gr. koma þó til framkvæmda 1. maí 1970.